



NÝ MENNTASTEFNA – NÁM ALLA ÆVI

Menntamálaráðuneyti mun standa fyrir Menntaþingi þann 12. september næstkomandi. Á menntaþinginu mun Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra kynna þá menntastefnu sem birtist í nýjum lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla sem samþykkt voru á Alþingi sl. vor. Í nýrri menntastefnu er lögð áhersla á nemandann sjálfan og þá þekkingu, færni og kunnáttu sem hann aflar sér til undirbúnings fyrir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, atvinnulífi og til að mennta sig alla ævi. Einnig er lögð áhersla á samfellu, sveigjanleika og valfrlsi í skólastarfi, velferð nemandans og öflugt stuðningskerfi.

Á Menntaþinginu munu innlendir og erlendir sérfræðingar fjalla um stefnu í menntamálum og framkvæmd hennar. Í málstofum verður fjallað um ný lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og innleiðingu þeirra, menntun kennara, Ísland í alþjóðlegum samanburði, mat og eftirlit með skólastarfi, velferð nemenda, list- og verknám, framhaldsskóla framtíðarinnar, tengsl milli skólastiga og skóla og samfélags.

Menntaþingið er haldið í Háskólabíói. Þátttaka er ókeypis og öllum opin meðan húsrúm leyfir, en óskað er eftir að þátttakendur skrái sig á vefsíðunni www.nymenntastefna.is. Þar er einnig að finna frekari upplýsingar um Menntaþingið.

DAGSKRÁ MENNTAÞINGSINS

8:30-9:00	Móttaka ráðstefnugesta
09:00-09:50	Ný menntastefna. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
10:10-11:10	Hlutverk kennarans á 21. öldinni Catherine Lewis og Sigrún Aðalbjarnardóttir
11:25-12:20	Málstofur: Framkvæmd nýrrar menntastefnu Leikskóli Sesselja Snævar, Védís Grönvold og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir Grunnskóli Guðni Olgeirsson og Hilmar Hilmarsson Framhaldsskóli Margrét Friðriksdóttir og Magnús Þorkelsson
12:20-13:00	Matur
13:00-14:05	Ný menntastefna í alþjóðlegu samhengi Fyrirlesarar: Jens Bjornavold og Sigurjón Mýrdal
	Málstofur: <ul style="list-style-type: none">– Samfella og sveigjanleiki – heildstætt menntakerfi– List- og verknám, skapandi starf á öllum skólastigum– Velferð nemandans– Mat og eftirlit með gæðum skólastarfs– Menntastefna og alþjóðlegur samanburður– Framhaldsskóli framtíðarinnar– Skóli og samfélag– Kennaramenntun í ljósi nýrrar menntastefnu
15:45-16:15	Ráðstefnuslit Ólafur Proppé Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

KENNSLUHÆTTIR OG LÆRDÓMUR

Á menntaþingi menntamálaráðuneytisins verður fjölbreytt dagskrá í boði. Aðalfyrirlesarar verða Catherine Lewis, prófessor við Mills College í Oakland í Kaliforníu og Jens Bjornavold, frá stofnun Evrópusambandsins um þróun starfsmenntunar. Auk þeirra mun Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor í uppeldis- og menntunarfræðum við Háskóla Íslands, og Sigurjón Mýrdal, deildarstjóri námskrárdeildar í menntamálaráðuneytinu, flytja erindi.

Catherine Lewis hefur gefið út fjölda rita um kennslu og þroska barna. Hún útskrifaðist með B.A. frá Harvard háskóla og Ph.D. frá Stanford. Fyrirlestur hennar fjallar um virka þátttöku kennara í þróun kennsluhátta (*Lesson Study*). Catherine Lewis hefur starfað við rannsóknir á kennslu í rúm 25 ár bæði í Japan og Bandaríkjunum. Finna má frekari upplýsingar um störf hennar og rannsóknarverkefni á www.lessonresearch.net.

Í kjölfar fyrirlesturs Catherine Lewis mun dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir flytja erindi um menntunarsýn kennara og tengsl við kennsluáferðir.

Jens Bjornavold starfar hjá Stofnun Evrópusambandsins um þróun starfsmenntunar (*Cedefop*). Bjornavold hefur verið leiðandi í umræðum um gerð evrópskra viðmiða fyrir lokapróf (*European Qualifications Framework, EQF*). Fyrirlestur hans fjallar um tengsl milli lærdóms (learning outcomes) og menntastefnu í Evrópu.

Í framhaldi af fyrirlestri Jens Bjornavold mun Sigurjón Mýrdal flytja erindi um tengsl lærdóms og námskrárgerðar.

Boðið verður upp á fyrirspurnir og umræður að fyrirlesturum loknum.

NÝ MENNTASTEFNA - KYNNINGARFUNDIR

Í kjölfar Menntaþings stendur menntamálaráðuneytið fyrir kynningarfundum um nýja menntastefnu um land allt í haust í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóla. Einnig mun ráðuneytið kynna nýja menntastefnu á haustþingum Félags grunnskólakennara. Framundan er mikilvægt starf við að móta áherslur í framkvæmd nýrrar menntastefnu og hvetur menntamálaráðuneytið alla til að leggja þar sitt af mörkum.

Kynningarfundir um nýja menntastefnu eru öllum opnir og er skólafólk, nemendur, foreldrar og annað áhugafólk um menntakerfið sérstaklega hvatt til að mæta á fundina, hlýða á kynningar og taka þátt í umræðum.

Nánari upplýsingar um fundina má finna á www.nymenntastefna.is.